



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum

Samantekt um árið 2004



Efnisyfirlit

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	3
Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.....	3
Starfsfólk.....	4
Samantekt um árið 2004	5
Húsnæði og búnaður.....	5
Markviss.....	5
Háskólasetur Vestfjarða.....	6
Sí- og endurmenntun og óhefðbundið nám.....	7
Háskólastigið.....	12
Vika símenntunar	12
Samstarf	13
Kvasir	13
FS-netið og Menntabré	13
Fjölmenningssetur.....	13
Dreifmenntarverkefnið.....	14
Annað samstarf.....	14
Viðaukar	15
Viðauki I	15
Viðauki II.....	16
Viðauki III.....	18

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipað einum aðila frá hverjum stofnenda miðstöðvarinnar og einum til vara. Eftirtaldir skipa fulltrúaráðið.

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Alþýðusamband Vestfjarða	<i>Lilja Rafney Magnúsdóttir</i>	<i>Helgi Ólafsson</i>
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	<i>Aðalsteinn Óskarsson</i>	<i>Jóna Valgerður Kristjáns- dóttir</i>
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	<i>Anna Kristín Svans- dóttir</i>	<i>Gylfi Guðmundsson</i>
Fjórðungssamband Vestfjarða	<i>Guðni Geir Jóhannesson</i>	<i>Birna Lárusdóttir</i>
Menntaskólinn á Ísafirði	<i>Ólína Þorvarðardóttir</i>	<i>Guðbjartur Ólason</i>
Náttúrustofa Vestfjarða	<i>Þorleifur Eiríksson</i>	<i>Böðvar Þórisson</i>
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vestfjörðum	<i>Laufey Jónsdóttir</i>	<i>Sigfríður Hallgrímsdóttir</i>
Útvegsmannafélag Vestfjarða	<i>Einar Valur Kristjánsson</i>	<i>Kristján G. Jóakimsson</i>
Vinnuveitendasamband Vestfjarða	<i>Einar Jónatansson</i>	<i>Kristján G. Jóhannsson</i>

Formaður fulltrúaráðsins er *Helgi Ólafsson* og varaformaður *Lilja Rafney Magnúsdóttir*.

Aðalfundur fulltrúaráðsins fyrir árið 2004 var haldinn 21. maí og framhaldsaðalfundur 6. september. Föstudaginn 10. desember kom fulltrúaráðið saman til fundar með stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar til að ræða um málefni fyrirhugaðs þekkingarseturs á Vestfjörðum.

Frá og með aðalfundi 2004 sat formaður fulltrúaráðsins stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða var kjörin árið 2004 til tveggja ára. Hana skipa:

Ólína Þorvarðardóttir, formaður.
Aðalsteinn Óskarsson, ritari
Kristján G. Jóhannsson, meðstjórnandi.

Varamenn:

Guðbjartur Ólason, *Lilja Rafney Magnúsdóttir* og *Einar Valur Kristjánsson*.

Stjórnin hélt 10 bókaða fundum á árinu 2004.

Starfsfólk

Smári Haraldsson forstöðumaður í 100% starfi.

Brynjar Ingason í 100 % starfi frá 1. október 2004, en var áður í 65% starfi. Brynjar sér um allt bókhald ásamt öðrum störfum sem til falla, einkum þjónustu við háskólanema.

Lísbet Guðmundsdóttir sér um ræstingar.

Elísabet Kristín Einarsdóttir í 50% starfi. Hún kom til starfa í október 2002. Elísabet sér um símsvörun, eldhús og almenn skrifstofustörf. Ráðin tímabundið með styrk frá Tryggingastofnun og Bolungarvíkurkaupstað.

Þuríður Sigurðardóttir í 100% starfi. Vinnur við skipulagningu námskeiða, skráningu þeirra og utanum hald. Sinnir einnig öðru sem til fellur. Þuríður var upphaflega ráðin með styrk frá Atvinnuleysistryggingasjóði, en féllu þær greiðslur niður 5. desember 2004.

Samantekt um árið 2004

Húsnæði og búnaður

Aðalsetur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða var áfram að Eyrargötu 2-4 á Ísafirði, þar sem miðstöðin leigir um 400 m² húsnæði á góðum kjörum af Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf.

Á árinu 2004 var lítið um fjárfestingar hjá Fræðslumiðstöðinni. Auk framlags á fjárlögum fékk miðstöðin sérstaklega 5 mkr. til eflingar háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum samkvæmt samkomulagi menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra um átak í menntun og menningu á landsbyggðinni. Framlagið fékkst reyndar ekki fyrr en eftir áramótin 2004/2005. Var það einkum notað til að greiða kostnað við úttekt á húsnæði og til að efla mannahald.

Helstu fjárfestingar á árinu 2004 voru þessar:

- Keyptur lítill fjarfundabúnaður ásamt einmennings tölvu og skjá.
- Endurnýjuð leyfi fyrir Windows stýrikerfi og Office hugbúnaði á allar tölvur Fræðslumiðstöðvarinnar.
- Skrifborð og tveir skrifstofustólar.

Sjá eignaskrá í viðauka I.

Markviss

Markviss er greiningarkerfi til að meta mannauð fyrirtækja og stofnana með tilliti til fræðslu, starfsþjálfunar og símenntunar. Kerfið var þróað af Dansk Industri og kallast á dönsku Strategist udvikling af medarbejdere, skammstafað SUM. Á íslensku hefur kerfið fengið nafnið Markviss.

Árið 2001 fékk MENNT (samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla) leyfi til að kynna og styðja við notkun kerfisins á Íslandi. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni þjálfuðu ráðgjafa sem styðjast við SUM aðferðina. Árið 2002 óskaði MENNT eftir því að Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni yfirtækju þann munnlega samning sem var á milli Menntar og SUM sekretariatet og var það samþykkt af SUM.

Til að nota Markviss kerfið þurfa ráðgjafar að undirgangast sérstakt þjálfunarferli og fá sérstaka viðurkenningu, sem samstarfsnefnd um Markviss stjórnar. Á árinu 2004 fóru þeir Smári Haraldsson og Brynjar Ingason á slíkt þjálfunarnámskeið og hafa þeir nú báðir hlotið viðurkenningu.

Áður hafði Fræðslumiðstöðin kostað þjálfun tveggja Markviss ráðgjafa og er annar þeirra búsettur á svæðinu ennþá. Einn Markviss ráðgjafi er svo nýfluttur á svæðið.

Með þjálfun þessara starfsmanna getur Fræðslumiðstöðin notað Markviss greiningarkerfið enn betur í starfi sínu á beinan og óbeinan hátt.

Nánari upplýsingar um Markviss er að finna á vefnum www.markviss.com.

Háskólasetur Vestfjarða

Á aðalfundi 2004 kynnti menntamálaráðuneytið skýrslu starfshóps ráðuneytisins um háskólasetur á Vestfjörðum. Í skýrslunni voru gerðar eftirfarandi tillögur:

1. Framboð á fjarnámi verði aukið, háskólar hvattir til að bjóða staðbundna kennslu á Vestfjörðum. Þjónusta við fjarnema verði aukin.
2. Rannsóknir á Vestfjörðum verði eflar í samstarfi við háskóla og rannsóknastofnanir. Lögð verði áhersla á að skapa meistara- og doktorsnemum aðstöðu.
3. Stofnað verði þekkingarsetur á Vestfjörðum á grunni Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða með aðild háskóla og rannsóknastofnana. Starfsemi byggji á þeirri starfsemi í rannsóknum og háskólakennslu, sem nú þegar er fyrir hendi og áætluð er á Vestfjörðum.

Ekki kom fram í skýrslunni hver skyldi hafa frumkvæði að því að hrinda tillögunum í framkvæmd.

Sumarið 2004 ákvað stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar að vinna hugmyndir að útfærslu á tillögum starfshóps ráðuneytisins. Lögð var mikil áhersla á að ná sem víðtækastri samstöðu heimamanna um útfærsluna, en mismunandi skoðanir voru uppi um hvaða leiðir væri æskilegastar varðandi uppbyggingu starfsemi á háskólastigi á Vestfjörðum. Voru hugmyndir stjórnar bornar upp og samþykktar á framhaldsaðalfundi 6. september 2004. Þann 12. október voru þær kynntar þingmönnum Norðvesturkjördæmis þar sem þær fengu góðar undirtektir.


Í byrjun desember voru hugmyndir Fræðslumiðstöðvarinnar kynntar menntamálaráðherra, sem hafnaði þeim þegar í stað. Boðaði ráðherra þess í stað skipan starfshóps á vegum ráðuneytisins til að undirbúa stofnun þekkingarseturs á Vestfjörðum. Þar sem í hugmyndum ráðherra var ekki reiknað með neinum fulltrúa Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða óskaði stjórnin eftir að fulltrúi miðstöðvarinnar yrði skipaður í hópinn. Féllst ráðherra á það og skipaði forstöðumann Fræðslumiðstöðvarinnar í starfshópinn. Hópurinn skilaði af sér í febrúar 2005 og var þekkingarsetrið stofnað 12. mars 2005. Fékk það nafnið Háskólasetur Vestfjarða.

Starf hópsins gekk fremur vel, en þó fengust hugmyndir Fræðslumiðstöðvarinnar aldrei ræddar innan hans. Virtist það vera eitt af megin sjónarmiðum ráðuneytisins að sniðganga hugmyndir Fræðslumiðstöðvarinnar.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða fékk Tækniþjónustu Vestfjarða og Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur arkitekt til að gera samanburð á húsnæðinu að Eyrargötu 2-4 og Suðurgötu 12 á Ísafirði með tilliti til framtíðarnota fyrir Fræðslumiðstöðina og þekkingarsetur. Var í þeirri vinnu einnig reynt að meta framtíðarþörf á húsnæði fyrir starfseminna. Niðurstaða þessarar vinnu var að húsnæðið að Suðurgötu 12 hentaði betur fyrirhugaðri starfsemi.

Sí- og endurmenntun og óhefðbundið nám

Á árinu 2004 hélt Fræðslumiðstöðin 37 námskeið (42 árið 2003) í 65 hópum (67) (1. mynd).




1. mynd. Fjöldi námskeiða og hópa hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000-2004.

Fjölmennustu námskeiðsflokkarnir voru kennaranámskeið, samtals 107 þátttakendur í 7 hópum. Samtals voru kennaranámskeiðin 1.696 nemendastundir. Flestar nemendastundir voru í íslensku fyrir útlendinga eða 2.650 og þátttakendur voru 53.

Nánari sundurliðun námskeiða er í viðauka II.


Fjöldi þátttakenda á námskeiðum árið 2004 var 681 (895). Er það fækkun frá árinu áður en fjölgun hefur orðið á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða þau fimm ár sem miðstöðin hefur starfað (2. mynd).

Námskeiðið *Vélgæsla* var haldið í samvinnu við Guðmund Einarsson. Sá hann um alla kennslu en Fræðslumiðstöðin annaðist auglýsingar, skráningu og útgáfu skírteina.



2. Mynd. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2004.

Konur voru 407 (60%) og karlar 274 (40%). Konur hafa alltaf verið fleiri en karlar þótt körlum virðist fara hlutfallslega fjölgandi (3. mynd).




3. mynd. Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2001- 2004.

Árið 2004 voru námskeiðin samtals 13.555 nemendastundir (fjöldi þátttakenda margfaldað með lengd námskeiðs í kennslustundum) samanborið við 28.283 árið 2003. (4. mynd). Á milli áruna munar mest um íslensku fyrir útlendinga. Árið 2003 voru 253 þátttakendur á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga en aðeins 53 árið 2004. Nemendastundir í íslensku fyrir útlendinga árið 2003 voru 12.650 en aðeins 2.650 árið


2004. Meginástæða þess hve kennsla í íslensku fyrir útlendinga minnkaði á milli árana 2003 og 2004 var að starfsmenntasjóðurinn Landsmennt, sem staðið hafði að mestu undir kostnaði af kennslunni, var fjárvana á vormisseri 2004 og féllu því öll íslenskunámskeið niður á þeirri önn. Haustið 2004 náðist ekki að blása sama lífi í íslenskukennsluna og verið hafði áður. Önnur ástæða, en veigaminni, er að Menntaskólinn á Ísafirði hóf kennslu á nýbúabraut eftir áramótin 2004 og hefur sú braut sennilega dregið nokkuð úr ásókn í íslenskunámið hjá Fræðslumiðstöðinni.

Á öðrum námskeiðum en íslensku fyrir útlendinga voru 628 þátttakendur árið 2004 (642 árið 2003) og nemendastundir 10.905 (15.633). Að undanskildri íslensku fyrir útlendinga munar mest um starfsnám stuðningsfulltrúa sem var rekið á báðum önnum árið 2003 en ekki árið 2004.




4. mynd. Fjöldi nemendastunda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2004.

Tekjur af sí- og endurmenntun og óhefðbundnu námi voru um 9,7 mkr. en gjöld um 6,7 mkr. (5. mynd).




5. mynd. Tekjur og gjöld af sí- og endurmenntun hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2004.

Flestir þátttakendur voru sem áður á aldrinum 25-54 ára (6. mynd).




6. mynd. Aldursdreifing þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2002 - 2004.

Þátttakendur á námskeiðum voru alls staðar af Vestfjörðum. Langflestir voru frá Ísafirði og Hnífsdal (póstnúmer 400 og 410), en hlutfallslega flestir, miðað við íbúafjölda, frá Kaldrananeshreppi (póstnúmer 520), Suðureyri (póstnúmer 430) og Súðavík (póstnúmer 420). Dreifing þátttakenda eftir póstnúmerum er að sjá á 7. og 8. mynd.



7. mynd. Skipting þátttakenda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árin 2002 – 2004 eftir búsetu.



8. mynd. Hlutfallsleg skipting þátttakenda miðað við íbúafjölda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árin 2002 - 2004.

Háskólastigið

Erfitt er að fá öruggt yfirlit yfir fjölda fjarnema í háskólanámi á Vestfjörðum. Mun fleiri voru þó í fjarnámi veturinn 2004/2005 heldur en veturinn 2003/2004. Á skrá hjá Fræðslumiðstöðinni veturinn 2004/2005 voru 163 fjarnemar (116), 119 konur og 44 karlar. Flestir voru við Kennaraháskóla Íslands, samtals 66 nemendur, við Háskólann á Akureyri voru 52 og við Háskóla Íslands 21. Við aðra skóla voru færri nemendur (viðauki III).

Jafnhliða fjölgun nemenda fjölgaði námsbrautum. Þá fjölgaði námshópum enn meir, sem er eðlilegt eftir því sem lengra líður á námið í einstaka greinum.

Mjög er misjafnt hvaða þjónustu háskólanemar sækja til Fræðslumiðstöðvarinnar. Flestir nemendur Háskólans á Akureyri sækja þar reglulega fyrirlestra og nota sér les- og vinnuáðstöðuna. Sama á við um flesta nemendur við Háskóla Íslands. Þá hafa nemendur Kennaraháskólans leitað til Fræðslumiðstöðvarinnar í auknu mæli. Reikna má með að um 80 manns noti sér aðstöðu í Fræðslumiðstöðinni að staðaldri. Allir þeir nemendur og hluti hinna taka próf í Fræðslumiðstöðinni, þannig að alls hafa yfir 100 manns tekið próf hjá miðstöðinni. Á árinu 2004 sá Fræðslumiðstöðin um að halda 167 (137) próf með 506 (424) próftökum (sami einstaklingur tekur fleiri en eitt próf). Í þetta fóru rúmlega 304 klukkustundir (240), auk undirbúnings og frágangs. Samtals hafa því farið a.m.k. tveggja mánaða vinna hjá Fræðslumiðstöðinni í próf hjá háskólanemum.

Fræðslumiðstöðin og Menntaskólinn á Ísafirði stóðu sameiginlega að háskólakynningu á Ísafirði dagana 6. mars 2004. Til kynningarinnar var boðið öllum skólum landsins á háskólastigi.

Á fyrstu árum Fræðslumiðstöðvarinnar voru tæknileg vandamál erfiðust varðandi fjarnámið. Með tilkomu Ip tenginga og Menntabúar hefur tæknilegur vandi að mestu verið yfirstiginn, þannig að nú gengur fólk að tæknibúnaðinum í vissu þess að hann virki og ræðir lítið tæknilegu málin.

Vika símenntunar

Vika símenntunar á Vestfjörðum var haldin 12. – 18. september 2004. Að þessu sinni var um að ræða kynningarátak þar sem athyglinni var að beint að ungu fólki undir slagorðinu EKKI BARA HUGSA UM ÞAÐ! Á Vestfjörðum var vikan skipulögð af Fjölmenningssetri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Svæðisvinnumiðlun og bókasöfnum.

Haldnir voru kynningarfundir og námskeið um fjarnám og símenntun á Hólmavík, Reykhólum, Patreksfirði og í Bolungarvík. Kynnt var námsframboð Fræðslumiðstöðvarinnar sem og starfsemi Menntaskólans á Ísafirði, Gamla Apóteksins og Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Ísafirði. Þá var rætt við sveitarstjórnarfólk um endur- og símenntun og starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar og Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða.

Samstarf

Fræðslumiðstöðin á í margvíslegu samstarfi, jafnt innan héraðs sem utan. Skulu hér nefndir helstu samstarfsaðilar.

Kvasir

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa með sér formlegt samstarf innan samtaka sem kallast Kvasir. Verkefni Kvasis hafa sífellt farið vaxandi, auk þess sem fastara form hefur verið að færast á starfseminu.

Kvasir heldur tvo fasta fundi á ári, vorfund og haustfund, sem jafnframt er aðalfundur. Af málum sem Kvasir vann að á árinu 2004 má nefna;

- Samningur um Menntabré.
- Samskipti við FS-netið f.h. fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.
- Þjónustusamningur fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna við menntamálaráðuneytið.
- Undirbúningur að stofnun heildarsamtaka fullorðinsfræðslunnar á Íslandi.
- Umsóknir um framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna frá ríkinu.
- Þróun Markviss greiningaraðferðinnar.
- Erlend samskipti í gegn um EAEA (European Association for the Education of Adults) og að nokkru leyti á innan NFA (Nordens Folkliga Akademi).
- Lokið við samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Samræming upplýsinga frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðunum.
- Ýmsar upplýsingar og álitgerðir fyrir stjórnvöld.
- Kynningar á fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum.

FS-netið og Menntabré

Haustið 2002 undirritaði þáverandi menntamálaráðherra samning við SKÝRR um uppsetningu og rekstur háhraða gagnaflutningsnets sem þjóna skyldi framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Net þetta fékk nafnið FS-net. Tók samningurinn gildi 1. febrúar 2003.

Með samningi þessum var fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum tryggð 100 megabita (Mbps) bandbreidd fyrir aðalstöðvar og 2 Mbps fyrir útstöðvar. Fastar mánaðargreiðslur fyrir miðstöðvarnar eru 100 þúsund krónur á mánuði og 35 þúsund fyrir útstöðvar, miðað við þáverandi verðlag. Eru þessar upphæðir óháðar flutningsmagni. Hið nýja net hefur reynst vel og tryggt betri og öruggari gagnaflutninga en áður.

Til að tengja saman staði með FS-netinu festu Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni kaup á myndfundabré, sem gengur undir nafninu Menntabré. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands. Hefur brúin reynst mjög vel og er bæði örugg og ódýr í rekstri.

Fjölmenningarsetur

Fræðslumiðstöðin á í margvíslegu samstarfi við Fjölmenningarsetur um íslenskukennslu fyrir útlendinga, nám í samfélagstúlkun og fleira sem tengist

útlendingum á Íslandi. Hafa fengist nokkrir styrkir til þessara verkefna frá menntamálaráðuneytinu, Starfsmenntaráði og Byggingastofnun.

Dreifmenntarverkefnið

Grunnskólarnir í Vesturbyggð og á Tálknafirði ásamt menntamálaráðuneytinu vinna að verkefni um dreifmenntun innan grunnskólanna. Fræðslumiðstöðin tengist verkefninu á þann hátt að nettengingar skólanna eru í gegnum Fræðslumiðstöðina, þannig að skólarnir eru skilgreindir sem útstöðvar frá miðstöðinni. Í staðinn fær miðstöðin aðstöðu í skólunum fyrir fullorðinsfræðslu.

Annað samstarf

Af aðilum innan Vestfjarða sem Fræðslumiðstöðin hefur einkum átt samstarf við má nefna Menntaskólann á Ísafirði, Fjölmenningarsetur, Atvinnuþróunarfélagið, Svæðisvinnumiðlun, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, grunnskóla á Vestfjörðum og stéttarfélag, auk margra fyrirtækja og stofnana í fjórðungnum.

Af aðilum utan fjórðungsins eru helstu samstarfsaðilar: flestir háskólar landsins, Endurmenntunarstofnun, Símenntunarstofnun, Framvegis – miðstöð símenntunar í Reykjavík, Menntafélagið ehf., Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mímir – símenntun, Starfsmenntaráð, Fræðslusetrið Starfsmennt og starfsmenntasjóðirnir Landsmennt, Sjómennt.

Fræðslumiðstöðin er aðili að Mennt – samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla. Þá er Fræðslumiðstöðin aðili að verkefninu *Vestfirðir á miðöldum*.

Forstöðumaður Fræðslumiðstöðvarinnar átti sæti í ýmsum starfshópum og nefndum á sviði fullorðinsfræðslunnar á árinu 2004. Þar á meðal voru:

- Stýrihópur menntamálaráðuneytisins í verkefninu *Undervisning av voksne invandrere i det gitte lands morsmål*. Því verkefni er nú lokið.
- Svokölluð *ressursgruppe* hjá FNV (Förbundet Nordisk Vuxenupplysning) sem er undirstofnun Norrænu ráðherranefndarinnar. Hlutverk hópsins er m.a. að skipuleggja og gangast fyrir ráðstefnum um málefni sem undir það heyra.
- Formennska í undirbúningshópi að stofnun heildarsamtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, en samtökin voru stofnuð 25. apríl s.l. Var hann þar kjörinn formaður hinna nýju samtaka sem fengu nafnið Leikn.
- Starfshópur menntamálaráðuneytisins til undirbúnings stofnunar þekkingarseturs á Vestfjörðum.

Viðaukar

Viðauki I

Eignaskrá 31.12.2004.

Dags.	Seljandi/reikningur	Lýsing	Upphæð
18.12.99.	Snerpa	Fujitsu tölvu, laser prentari myndlesari, forrit.	314.606
18.07.00.	Þróunarsetur (Furniture Danm)	Stólar í sal	46.065
20.07.00.	Þróunarsetur (Furniture Danm)	Húsgögn í sal Þróunarsetri	677.331
20.07.00.	Þróunarsetur (Furniture Danm)	Húsgögn í sal Þróunarsetri	322.669
16.08.00.	Húsgagnaloftið	Bókahillur á skrifstofu	49.950
13.11.00.	Húsgagnaloftið	Skrifborð og hilla á skrifstofu	116.070
13.11.00.	Inn X Innréttingar ehf	Skrifborðsstólar á skrifstofu	39.800
08.03.00.	Þróunarsetur (Bókhlaðan)	Búnaður og tæki í fundarsal Þróunarsetri	828.228
22.03.00.	Tölvumót	Náma - skráningarforrit	288.815
05.10.00.	Fjórðungssamband Vestfjarða	Fjarfundabúnaður	2.959.734
03.11.00.	Landssíminn	GSM sími (v/hjúkrunarfræði)	19.961
19.03.01.	Skólavörubúðin	Myndvarpi	38.879
22.05.01.	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Hluti í bókhaldsforriti / Fjölirnir	85.233
08.09.01.	Vestmark	Fjarfundabúnaður	500.000
11.10.01.	Snerpa	Tvær tölvur f.háskólasetur/1 Ísaf., 1 Patró	339.800
13.09.01.	Neyðarþjónustan ehf	Talnalás fyrir háskólasetur á Ísafirði	27.125
11.09.01.	Bræðurnir Ormsson ehf	Ljósritunarvél Patró (faxtæki og prentari)	107.500
03.10.01.	Hafsteinn Vilhjálmsson	Þvottavagn og tilheyrandi	25.093
07.02.02.	Nexus ehf	Tölva	102.203
20.02.02.	Nýherji	Fjarfundabúnaður á Patreksfjörð	721.972
02.04.02.	Vest-Mennt	Fjarfundabúnaður	373.500
12.04.02.	Tölvumót	Náma - skráningarforrit	318.845
18.07.02.	Nýherji	Fjarfundabúnaður í Árneshrepp	713.173
05.08.02.	Sjónvarpsmiðstöðin	Sjónvarp í Árneshrepp	139.990
17.08.02.	Bókhlaðan	Digital myndavél m/ korti	60.880
19.08.02.	Snerpa ehf	Skjávarpi + DVD	245.483
28.08.02.	Trésmiðjan ehf	Borð o.fl.	1.088.006
09.09.02.	Netos	Húsbúnaður í Íshúsfélagshúsi	99.850
19.09.02.	Húsgagnaloftið	Stólar	330.300
02.10.02.	Trésmiðjan ehf	Borð	119.520
21.10.02.	Bókhlaðan	Faxtæki	39.900
02.11.02.	Snerpa	Tölvubúnaður í tölvustofu	104.465
31.12.02.	Gott kaffi ehf / Jónatan Einarsson	Heimasíða	344.100
03.06.03.	Straumur	Videótæki	26.992
03.09.03.	Kvasir	Menntabré (Hlutur Fræðslumiðstöðvar)	621.423
16.10.03.	Straumur	Sjónvarp	73.580
16.10.03.	Nýherji	Fjarfundabúnaður og Visual concert	1.466.167
24.10.03.	Snerpa	Fartölva	180.981
15.11.03.	Bónus	Tölvuskjár	21.900
18.11.03.	Nýherji	Myndvarpi og sýningartjald	38.024
18.11.03.	Nýherji	Skjávarpi og fylgihlutir	315.975
18.11.03.	Penninn	Prentari	109.900
18.11.03.	Penninn	Innbindivél	15.900
30.11.03.	Straumur	Videótæki	18.942
18.12.03.	Penninn	Töfluafritari	70.744
18.12.03.	Penninn	Tússtöflur og tjald	93.289
		Þráðlaust netsamband	20.000
31.12.03.	Bókhlaðan	Rafmagnsheftari	29.125

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Ársskýrsla 2004

08.04.04.	TM Húsgögn	Skrifborð og stólar	93.594
01.12.04.	Microsoft	Microsoft leyfi (pakki)	183.427
08.12.04.	Snjóflóðasetur - SALA	Seld húsgögn nr. 5 og 6. á kr. 75.000. Upphaflegt kaupverð var kr. 166.020.	-166.020
Samtals eignir 31.12.2004			14.921.689

Viðauki II

Yfirlit yfir námskeið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árið 2004.

Námskeið	Fjöldi kennslu- stunda	Staður	Fjöldi þátttak.			Nem- enda- stundir
			Kon- ur	Karl- ar	Alls	
30 rúml. Skipstjórn Vesturbyggð	720	Patreksskóli		5	5	720
Access - gagnagrunnur	162	Ísafjörður	4	5	9	162
Betri tímastjórnun - Hólmavík	78	Hólmavík	13		13	78
Betri tímastjórnun - Ísafjörður	126	Ísafjörður	13	8	21	126
Enska I - Hólmavík	150	Hólmavík	4	1	5	150
Enska I	270	Ísafjörður	8	1	9	270
Enska II - Ísafjörður	150	Ísafjörður	5		5	150
Geðræn vandamál barna og unglunga	160	Ísafjörður	8		8	160
GPS - staðsetningarkerfið	50	Ísafjörður	1	9	10	50
Heimasíðugerð fyrir byrjendur	84	Ísafjörður	2	5	7	84
Hvað eru börnin að gera á netinu?	27	Patreksskóli	6	3	9	27
Hver tók ostinn minn? Íslandssaga,	120	Suðureyri	7	13	20	120
Hver tók ostinn minn? Síminn	27	Ísafjörður	4	5	9	27
Hver tók ostinn minn? OV	126	Ísafjörður	4	17	21	126
Íslenska fyrir utlendinga II - Talknafjörður	700	Tálknafjörður	11	3	14	700
Íslenska fyrir utlendinga II - Talknafjörður	500	Tálknafjörður	4	6	10	500
Íslenska fyrir utlendinga H1 Tálknafjörður	450	Tálknafjörður	3	6	9	450
Íslenska fyrir utlendinga I Bolungarvík	350	Bolungarvík	6	1	7	350
Íslenska fyrir utlendinga I Þingeyri	650	Fiskvinnslan	9	4	13	650
Kennaranámskeið: Að kenna stærðfræði	420	Ísafjörður	18	3	21	420
Kennaranámskeið: Bekkjarstjórnun og agi	72	Hólmavík	7	2	9	72
Kennaranámskeið: Hlutverk	288	Ísafjörður	11	7	18	288
Kennaranámskeið: Íslenska fyrir eldra stig	108	Ísafjörður	8	1	9	108
Kennaranámskeið: Náttúrufræði	240	Súðavík	6	6	12	240
Kennaranámskeið: Sjálfsmat skóla	440	Bolungarvík	17	5	22	440
Kennaranámskeið: Tölvur í almennu	128	Ísafjörður	11	5	16	128
Leiðtoganámskeið fyrir skólastjóra	144	Reykjanes	4	5	9	144
Líffæra- og lífeðlisfræði (LOL 303)	315	Ísafjörður	7		7	315
Námstækni fyrir fjarnema	48	Ísafjörður	8		8	48
Power Point - glærugerð	9	Ísafjörður	2	1	3	9
Rétttritun og málfræði	24	Patreksskóli	2		2	24
Skólastjóranám 2004-2006, 1. lota.	208	Ísafjörður	4	9	13	208
Skrautskrift - grunnnámskeið Vesturbyggð	45	Patreksskóli	3		3	45
Spænska I	210	Ísafjörður	6	1	7	210
Spænska II - Ísafjörður	150	Ísafjörður	4	1	5	150
Stafrænar myndavélar	66	Ísafjörður	7	4	11	66
Stafrænar myndavélar - Hólmavík	24	Hólmavík	1	3	4	24
Stafrænar myndavélar 2	60	Ísafjörður	9	1	10	60
Stafrænar myndavélar 3	54	Ísafjörður	7	2	9	54
Stafrænar myndavélar 4	30	Ísafjörður		5	5	30
Súpugerð	48	Bolungarvík	6	2	8	48
Svæðisleiðsögn - fyrsta lota Ísafj.	1020	Ísafjörður	12	18	30	1020
Svæðisleiðsögn - önnur lota Patreksfj.	625	Patreksskóli	8	17	25	625
Tahilensk matargerð 1 - Ísafjörður	48	Ísafjörður	10	2	12	48

**Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Ársskýrsla 2004**

Tákn með tali	234	Ísafjörður	22	4	26	234
Thailensk matargerð - Hólmavík	32	Hólmavík	8		8	32
Thailensk matargerð - Þingeyri	32	Þingeyri	7	1	8	32
Thailensk matargerð 2 - Ísafjörður	44	Ísafjörður	10	1	11	44
Thailensk matargerð 3	24	Ísafjörður	5	1	6	24
Tungumálablanda	378	Ísafjörður	11	3	14	378
Tölvufræðsla - Viðhald tölvubúnaðar	96	Ísafjörður	2	6	8	96
Tölvufræðsla grunnnám Bolungarvík	210	Bolungarvík	4	3	7	210
Tölvufræðsla grunnnám Ísafjörður	330	Ísafjörður	6	5	11	330
Tölvufræðsla grunnnám Patreksfjörður	210	Patreksskóli	5	2	7	210
Tölvunám1 - Excel töflureiknir	108	Ísafjörður	3	3	6	108
Tölvunám1 - Windows stýrikerfi	48	Ísafjörður	4	4	8	48
Tölvunámskeið fyrir eldri borgara	300	Ísafjörður	9	1	10	300
Tölvur fyrir tónlistarkennara 1	72	Ísafjörður	7	1	8	72
Tölvur fyrir tónlistarkennara 2	63	Ísafjörður	3	4	7	63
Upplýsingatækni og tölvunotkun	405	Ísafjörður	9		9	405
Veðurfar á Vestfjörðum	100	Ísafjörður	1	19	20	100
Veðurfar á Vestfjörðum - Hólmavík	40	Hólmavík	1	7	8	40
Vélgæsla - Ísafjörður	715	Ísafjörður		11	11	715
Vélgæsla - Ísafjörður frh.	195	Ísafjörður		3	3	195
Vélgæsla á Tálknafirði	195	Tálknafjörður		3	3	195
Samtals árið 2004			407	274	681	13.555

Viðauki III

Skipting fjarnema á háskólastigi veturinn 2004-2005.

		Alls	Kyn			Svæði		Strandir
			Kon-ur	Karl-ar	Reyk-hólar	Suður-svæði	Norður-svæði	
Garðplöntubraut		3	2	1			2	1
Garðyrkjuskóli ríkisins	GR	3	2	1			2	1
Heilbrigðisdeild, Hjúkrunarfræði	HA	8	8	0			8	
Grunnskólabraut	HA	15	12	3			15	
Leiksskólabraut	HA	8	8	0			8	
Fjármálabraut	HA	6	4	2			6	
Líftækibraut	HA	2	1	1			2	
Rekstrarbraut	HA	3	1	2		1	2	
Markaðsfræðibraut	HA	1	0	1			1	
Stjórnunarbraut	HA	8	5	3		2	6	
Viðskiptafræði	HA	1	1	0	1			
Háskólinn á Akureyri		52	40	12	1	3	48	
Hjúkrun fullorðinna - diplómanám	HÍ	6	6				6	
Íslenska	HÍ	8	7	1			8	
Náms- og starfsráðgjöf	HÍ	1	1				1	
Opinber stjórnsýsla	HÍ	3	1	2		1	2	
Enska	HÍ	3	2	1			3	
Háskóli Íslands		21	17	4		1	20	
Kerfisfræði	HR	5	1	4			5	
Háskólinn í Reykjavík		5	1	4			5	
90 eininga B.Ed.-nám í grunnskólakennarafræði	KHÍ	28	24	4		1	18	9
90 eininga B.A.-nám í proskapjálfun	KHÍ	7	7	0			7	
90 eininga B.A.-nám í tómsunda- og félagsmálafræði	KHÍ	3	0	3			2	1
90 eininga B.Ed.-nám í leikskólakennarafræði	KHÍ	4	4	0		1	3	
Nám til kennsluréttinda fyrir faggreinakennara	KHÍ	6	2	4			6	
Viðbótarnám í grunndeild (leiðir ekki til lokaprófs)	KHÍ	1	1	0			1	
45 eininga nám í leikskólafræði til diplómu	KHÍ	1	1	0				1
30 eininga Dipl.Ed.-nám í uppeldis- og menntunarfræði	KHÍ	16	13	3		2	13	1
Kennaraháskóli Íslands		66	52	14	0	4	50	12
Ferðamálafræði	Hól	3	3	0		3		
Hólaskóli		3	3	0	0	3	0	0
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri (ásamt bændadeild)	LH	4	3	1	1		1	2
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri		4	3	1	1	0	1	2
Listaháskóli Íslands	LHÍ							
Diplómanám í rekstri og stjórnun		2		2		1	1	
Menntafélag Sjómannaskólans	MfS	2		2		1	1	
		6	0	6			6	
Tækniháskóli Íslands	THÍ	6	0	6			6	
B.Sc nám	VB							
Meistaránám	VB	1	1	0			1	
Viðskiptaháskólinn Bifröst		1	1	0			1	
Samtals		163	119	44	2	12	134	15